

Starfsskýrsla

Skógræktarfélags Garðabæjar

2015-2016



Frá Tjarnholtum

Inngangur

Skógræktarfélag Garðabæjar var stofnað 24. nóvember 1988. Það er félag allrar fjölskyldunnar og eru félagsmenn um 320.

Skógræktarsvæði félagsins eru; Smalaholt og Sandahlíð þau liggja norðan og austan megin að friðlandi Vífilsstaðavatns, Tjarnholt og Hádegisholt upp af Urriðavatni og svo Leirdalur við Lönguhlíð í upplandi Garðabæjar. Leirdalur hefur verið tekinn undir þjóðlendu. Einnig hefur félagið ræktað jólatré í reit í Brynjudal í Hvalfirði ásamt Skógræktarfélagi Íslands og nokkrum skógræktarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Þá hefur félagið yfir að ráða landsspildu austast í landi Vífilsstaða með aðstöðu fyrir plöntur og vinnuskúr fyrir verkfæri.

Markmið félagsins er að vinna að uppbyggingu útivistarsvæða með framgangi skógræktar og trjáræktar í Garðabæ. Veita félagsmönnum fræðslu um skógrækt, trjárækt og gróðurvernd. Vinna að verndun skógarreita sem fyrir eru í bæjarlandinu og koma upp nýjum í samvinnu og samráði við bæjaryfirvöld og landeigendur.

Starfskýrsla þessi nær til tímabilsins 1. sept. 2015 til 31. ágúst 2016.

Stjórn félagsins

Eftirfarandi skipa stjórn félagsins frá síðasta aðalfundi Skógræktarfélagsins

3. mars 2016, haldinn í Safnaðarheimilinu

Erla Bil Bjarnardóttir, formaður

Kristrún Sigurðardóttir, varaformaður

Hildigunnur Halldórsdóttir, ritari

Barbara Stanzeit, gjaldkeri

Björn Már Ólafsson, meðstjórnandi

Sigurður Sigurkarlsson, meðstjórnandi

Sigurður Þórðarson, meðstjórnandi

Varastjórn:

Heimir Sigurðsson

Einar Örn Jónsson

Sigurður Hafliðason

Smári Guðmundsson

Skoðunarmenn reikninga félagsins:

Ólafur Nilsson og Helgi Hjálmsón

Varaskoðunarmaður:

Símon Ólafsson

Stjórnarmenn þiggja ekki laun fyrir vinnuframlag til félagsins.

Samstarfsamningur

Samstarfssamningur Skógræktarfélagsins við Garðabæ var endurnýjaður á aðalfundi félagsins 19. mars 2013. Barbara Stanzeit gjaldkeri félagsins og Gunnar Einarsson bæjarstóri undirrituðu samninginn sem gildir til 2014, því er nauðsynlegt að endurnýja hann og að samningsupphæð fylgi verðlagi svo fjárveitingin rýrni ekki of hratt. Við gerð fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir árið 2016 var samningurinn endurnýjaður sjálfkrafa. Samningurinn gerir félaginu m.a. kleift að gera verktakasamning við fagfólk til starfa á skógræktarsvæðum félagsins.



Úr Sandahlíð, hlaupaköttur meðal leiktækja

Umhverfishópar frá bænum

Umhverfishópar bæjarins í sumar komu að slætti og klippingu á lúpínu aðallega í trjásýnireit og meðfram útivistarstígum sem lokast ella ef lúpínan leggst yfir þá. Umhverfishópar Garðabæjar hafa gróðursett 479 birkiplöntur í lúpínubreiður í Smalaholti og 21 í reiti félagasamtaka. Þetta vinnuframlag bæjarins hefur verið gríðarlega mikilvægt fyrir skógræktarsvæðin sem jafnframt og ekki síst, eru útivistarsvæði opinn öllum almenningi.

Heimasíðan www.skoggb.is

Markmiðið með vefsíðu félagsins er virk upplýsingaveita fyrir félagsmenn og alla þá sem kunna að sækja hana heim. Teljum við að þetta hafi tekist undanfarið ár með fréttum af félagsstarfi og myndum.



Áningastaðurinn í Furulundi í Smalaholti



Félagsstarf

Hautferð laugardaginn 4. september 2015 um Kjósina.

Jólatrjáasala 12. desember 2015, „Opinn jólaskógur“ í Smalaholti.

Myndakvöld var haldið 12. október í Kirkjuhvoli. Þar sagði Sigurður Þórðarson ferðasögu og sýndi myndir úr ferð Skógræktarfélaga Íslands til Póllands í september 2015. Var öllum félagsmönnum Sk.Gb. boðið ásamt öllu ferðafólkinu.

Aðalfundur félagsins 3. mars 2016 í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli. Gestur fundarins var Bjarni Diðrik Sigurðsson brautarstjóri Skógfræði og landgræðslubrautar Landbúnaðarháskólans sem fjallaði um ferð um skóga í Chile.

Brynjudalsferð þriðjudagskvöldið 12. júlí, umhirða og gróðursetning í jólatrjáareit félagsins.

Barbara Stanzeit sá um að hlúa að plöntum í aðstöðu félagsins við Vífilsstaði, vökva, bera á, umpotta og gróðursetja.

Haustferð

Árleg haustferð Skógræktarfélags Garðabæjar var að þessu sinni farin laugardaginn 4. september um Kjósina. Ferðin hófst í ræktun Sigþóru Oddsdóttur sem ættuð er frá Sandi, þar sem skoðuð var ræktun hennar og fjölskyldu til tuga ára á sandeyrum við Sandá, ótrúlega fjölbreytt og grósku mikil ræktun. Frá Sandi lá leiðin í Gildruholt sem er í landi Möðruvalla I þar sem Krístrún Sigurðardóttir og Símon Ólafsson ásamt fjölskyldu hafa ræktað og mótað um 3 hektara af landi síðan 1972. Gróður er mjög fjölbreyttur með bæði nýjum og gömlum trjám samtals um 170 tegundir. Endað var á Stekkjarflöt, ræktun Ólafs Oddssonar og Eyglóar Rúnarsdóttur konu hans en skógurinn er kallaður Ólaskógur. Þar hófst ræktun um 1980 en landið er úr jörðinni Neðra-Hálsi þar sem Ólafur ólst upp. Ólafur tekur oft á móti hópum í skóginn þar sem hann fræðir fólk og kennir því að upplifa skóginn á mismunandi vegu með því að hlusta á skóginn, skynja lykt og viðkomu hans. Þrátt fyrir smá úrkomu í logni nutu um 30 félagar úr Skógræktarfélaginu ánægjulegrar og fróðlegrar ferðar sem endranær.

Nítjándi haustferð félagsins var farin laugardaginn 10. september s.l. að þessu sinni austur fyrir fjall.



Frá haustferð 2016

Afurðir úr skóginum

Opinn skógur – Jólatrjáasala



Fjölskyldur þáðu heitt kakó hjá kvenfélagskonum í Furulundi eftir að hafa valið sé jólatré.

Eins og fyrri ár stóð félagið fyrir „Opnum jólasjógi“ þar sem fjölskyldur koma í skóginn og velja sér jólatré og fella sjálf. Að þessu sinni fór salan fram í Smalaholti í samstarfi við Kvenfélag Garðabæjar. Margir komu í skóginn og nutu sannkallaðar jólastemmningar í skóginum. Kvenfélagskonur buðu upp á heitt kakó og piparkökur og félagar aðstoðuðu gesti við skógarhögg. Seldar voru 72 stafafurur og sitkagreni úr skóginum í Smalaholti og reitnum í landi Vífilsstaða. Opinn skógur er orðinn fastur liður í starfsemi félagsins enda full þörf á að grisja skóginn þar sem trén fara ört stækkandi. Garðabær keypti 11 torgtré af félaginu sem prýddu bæinn um hátíðarnar.

Hjálparsveit skáta í Garðabæ leitaði til félagsins um kaup á stafafurum fyrir jólatrjáasölu sína á Garðatorgi, merktar voru 70 stafafurur Sandahlíð sem Hjálparsveitin sá um að fella.



Sjálfboðaliðar félagsins að pakka jólatré



Sumarstarfið

Farið var í árlega Brynjudalsferð í jólatrjáa-reitinn 12. júlí 2016. Félagar báru á og bættu í svæðið með nýgróðursetningum. Í aðstöðu félagsins við Vífilsstaði er fjöldi plantna í uppeldi sem Barbara Stanzeit hefur haft veg og vanda af. Síðar eru plönturnar gróðursettar úti á svæðin. Keyptar voru plöntur sem vorum um 1 meter á hæð til að gróðursetja í lúpínubreiður. Gróðursetningarlistar eru birtir á vefsíðunni www.skoggb.is

Félagið hefur umsjón með gróðursetningum nemenda í grunnskólum bæjarins á plöntum sem skólarnir fá úthlutað úr Yrkjusjóði sem stofnaður var 1992. Gróðursett var í Sandahlíð. Flataskóli, Hofsstaðaskóli og Garðaskóli hafa tekið þátt í Yrkjugróðursetningum frá upphafi. Síðar bættust við Sjalandskóli og Alþjóðaskólinn. Skógræktarfélagið hefur ekki lengur landsvæði til að bjóða þessa þjónustu fyrir skólana, því er brýnt að útvega landssvæði til skógræktar barna.



Skógræktarfélagar taka kaffipásu í reitnum Brynjudal

Skógarkerfill

Félagsmenn unnu við að uppræta kerfil í aðstöðu félagsins sem dreifist þangað inn frá landi Vífilsstaða. Ekki var eitrað að þessu sinni heldur stunginn upp eða reittur upp með rótum. Það er markmið félagsins að passa uppá að kerfill dreifist ekki úr á skógræktarsvæðin frá aðstöðunni. Einnig er fylgst með hvort sést til kerfils á svæðunum sem er auðvelt þegar hvítu blóm hans stinga upp kollinum.

Samstarf skógræktarféлага

Þátttaka og samstarf við önnur skógræktarfélög hefur alltaf verið mikilvægur liður í störfum stjórnar.



Úr ferð skógræktarféлага í Bæjarstaðarskóg

Félagsmenn tóku þátt í ferð í Bæjarstaðarskóg sem haldin var í tilefni að 80 ár eru liðin síðan skógurinn við Bæjarstað í Örfum var verndaður og þess minnst með göngu skógræktarféлага inn í Bæjarstaðarskóg og ráðstefnu að Freysnesi daganna 25.- 26. september 2015. Við þetta tækifæri var *Tré ársins 2015* heiðrað og mælt að Sandfelli í Örfum. Fimm félagsmenn tóku þátt í ferðinni.

Tveir stjórnarmenn tóku þátt í Fagraráðstefnu Skógræktar ríkisins á Patreksfirði 16.-17. mars 2016 sem fjallaði m. a. um loftslagsmál og gæði íslensks timburs.

Sex stjórnarmenn sátu aðalfund Skógræktarfélags Íslands 2.-4. september 2016 á Djúpavogi, en félagið á fjóra aðalfulltrúa. Skógræktarfélag Garðabæjar lagði fram eftirfarandi tvær tillögur á aðalfundinum.

1. Endurflutt ályktun um skógrækt í þjóðlendum.
2. Um græna stíginn í Græna trefillinum.

Þátttaka formanns í formannafundum SÍ.

Dáttaka stjórnarmanna í fulltrúafundum S.Í.

Sameining skógræktarféлага í Garðabæ

Stjórn Sk.Gb. hefur rætt um samstarf við systurfélagið á Álftanesi síðan 2013. Félagið á Álftanesi hefur verið óvirkt um árabil, enda misst skógræktarsvæði í þjóðlendu eins og áður hefur komið fram. Skógræktarfélag Álftaness var stofnað 1998 í tengslum við landið sem félögin bæði fengu í Leirdal og undirritaður var landgræðsluskógasamningur um.

Skriður komst á sameiningarmálið í haustið 2015 að frumkvæði Jóns Gunnars Gunnlaugssonar formanns félagsins í samstarfi við Brynjólf Jónsson framkvæmdastjóra S.Í. Haldin var félagsfundur í Sk.Álft. 19.11.15 að boðun Jóns Gunnars formanns. Efni fundarins var að leggja félagið niður. *Ákveðið var að óska eftir því að starfsemi félagsins færðist til Sk. Garðabæjar. Sveitafélögin Álftanes og Garðabær voru sameinuð fyrir nokkrum misserum. Í framhaldi af því þykir eðlilegt að reka aðeins eitt skógræktarfélag innan sameinaðs sveitarfélags.* Tilvitnum í bréf frá samþykkt fundarins. Félagið var skuldlaust, innistæða á reikningi þess var lögð inná reikning Sk.Gb. kr. 253.638.- þar sem lagt var til að þeir fjármunir yrðu ráðstafaðir í þágu Álftnesinga. Að kannað væri hvort hægt væri að koma upp trjágróðri/skjólbelti við hjólreiða/göngustíg sem tengir Álftanes við höfuðborgarsvæðið og möguleika á fjölbreyttu tegundavali.

Félagaskrá fylgdi með um fjörtíu félagsmönnum. Stjórn Sk.Gb. sendi kynningarbréf þann 21. janúar sl. til þeirra um boð um inngöngu í Skógræktarf. Garðabæjar.

Sameining félaganna var kynnt á aðalfundi félagsins 2016 og á vefsíðu www.skoggb.is

Aðalskipulag

Félagið hefur fylgst veð þróun skipulagsmála og sent inn athugasemdir við endurskoðun aðalskipulags Garðabæjar og fylgt málum eftir á fundum með Arinbirni Vilhjálmsyni skipulagsstjóra Garðabæjar.

Aðstaða til fundarhalda

Sk.Gb. hefur sótt um aðstöðu fyrir stjórnarfundum félagsins og gagnageymslu á Bjarnastöðum á Álftanesi. Félagsfundir eru haldnir í Safnaðarheimilinu Kirkjuhvoli.

Dómsmál

Sigurður Þórðarson meðstjórnandi Sk.Gb. hefur mætt fyrir hönd félagsins í Héraðsdóm Reykjaness. Krafist var af nýjum eigendum að slitið yrði gjörðum fyrri eigenda jarðarinnar Vatnsenda um umferðarrétt Skógræktarfélags Garðabæjar, en hann er þinglýstur og var undirritaður 1993 af Sigurði Björnssyni. Dómur var felldur 31. ágúst 2016 í Héraðsdómi Reykjaness um að þinglýstur samningur um umferðarrétt Skógræktarfélagsins skyldi standa.

Starfsáætlun Skógræktarfélags Garðabæjar 2016 - 2017

Endurnýja samstarfssamning við Garðabæ.

Vinna að öflun nýrra skógræktarsvæða.

Fylgjast með framvindu endurskoðun aðalskipulags Garðabæjar.

Umhirða á svæðunum.

Hefting lúpínu og kerfils, sérstaklega frá stígum og í trjásýnireit.

Grisjun skógarins á umsjónarsvæðum félagsins.

Viðhald stíga og ofaníbúður í Smalaholti og Sandahlíð.

Umhirða trjásýnireits.

Gerð fræðsluskilta, merkingar trjátegunda og stíga.

Gróðursetning og íbætur innan skógræktarsvæðanna.

Gróðursetning og umhirða í jólatrjáareit í Brynjudal.

Endurnýja og bæta við bekkjum og borðum á áningarstöðum.

Leggja stíga í Hádegisholt.

Gera útskot fyrir aðkomu nokkra bíla við Hádegisholt af Elliðavatnsvegi.

Setja upp grill í Furulund í Smalaholti.

Fjárhagsáætlun fyrir árin 2016-2017

Félagið stefnir á að ráða verktaka/starfsmann sumarið 2017 til að hafa umsjón með svæðum félagsins s.s. grisja skóga. Haldið verði áfram með stígagerð og áningastaði á svæðunum.

Starfskraftur/verktaki í 3-4 mánuði með bíl til umráða	kr. 1.500.000
Viðhald og uppbygging útivistarstíga	kr. 1.100.000
Tilfallandi vegna starfseminnar	kr. 400.000
Samtals	<u>kr. 3.000.000</u>

Garðabæ, 11. október 2016

f.h. stjórnar Skógræktarfélags Garðabæjar,

Krístún Sigurðardóttir, varaformaður

Hildigunnur Halldórsdóttir, ritari